



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um öryggismyndavélar á leikvöllum**

Á fundi borgarráðs, 13. október 2022, var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins leggur til að borgarráð samþykki að fela skóla og frístundasviði að vinna að, í samráði við skólasamfélagið, að komið verði upp öryggismyndavélum á leikvöllum barna á vegum borgarinnar.*

Greinargerð fylgdi tillögunni.

### **Umsögn skóla- og frístundasviðs:**

Starfshópur á vegum skóla- og frístundasviðs hefur unnið að kortlagningu á þörf og stöðu öryggismála í skóla- og frístundastarfi. Hluti af þeirri vinnu var að kortleggja mat stjórnenda á þörf á öryggismyndavélum í og við grunnskóla, leikskóla og húsnæði frístundastarfs. Í dag eru nú þegar nokkrir starfsstaðir á vegum skóla- og frístundasviðs með myndavélar í og við húsnæði sitt. Í öllum tilvikum þarf uppsetning og rekstur að vera í samræmi við ákveði laga um persónuvernd. Í samstarfi skóla- og frístundasviðs, upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar og umhverfis- og skipulagssviðs er unnið að því að setja upp vélar hjá þeim grunnskólum, leikskólum og frístundastarfi sem óskuðu eftir því og er því forgangsraðað út frá vinnu starfshópsins.

Leikvelli barna í borginni er þó mun víðar að finna en við lóðir eða húsnæði á vegum skóla- og frístundasviðs og þurfa því önnur svið að svara fyrir aðra leikvelli borgarinnar.